

Mál nr. 44/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging vinnuvélar.

Númer vinnuvélar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. febrúar 2023.
2. Bréf V dags. 15. febrúar 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og tjónstilkynningu kemur fram að hinn 19. janúar 2023, er bifreið M var ekið eftir Þjóðvegi 1 frá Akureyri, hafi orðið tjón á henni af völdum hjólaskóflunnar X sem hafi verið staðsett við gatnamót Þjóðveg 1 og vegar 925. Tjónið hafi atvikast með þeim hætti að stjórnandi vélarinnar hafi blásið snjó yfir Þjóðveg 1 með þeim afleiðingum að snjóköggjar og grjót fóru á vinstri hlið bifreiðarinnar og ollu tjóni á henni. M telur að stjórnandi vinnuvélarinnar hafi sýnt af sér sök, en þegar bifreið M nálgadist vélina hafi stjórnandi vélarinnar gert hlé á snjóblæstri, en þegar bifreiðin hafi verið komin að hlið A hafi blástur hafist að nýju með fyrrgreindum afleiðingum. M telur að stjórnandi vélarinnar hefði átt að vera bifreiðarinnar var og gæta að sér auk þess sem hann hefði átt að leitast við að blása ekki snjó yfir veginn.

Í bréfi V kemur fram að viðkomandi starfsmaður muni ekki eftir því að neitt þessu líkt hafi gerst, og að hann stöðvi blásturinn verði hann var við bifreiðar. Sumir ökumenn gefi honum þó ekki færi á að gera hlé á blæstrinum heldur komi alveg að vélinni eða keyri í gegnum „bununa“ þrátt fyrir að blástur standi yfir. Í málskoti séu þá ekki færð rök fyrir því í hverju saknæm háttsemi stjórnanda vélarinnar eigi að hafa falist, og verði M að bera hallann af því. Ökumaður M hafi ekið framhjá snjóblásaranum án þess að ná sambandi við stjórnanda hans og fullvissa sig um að óhætt væri að halda áfram. Það hafi hann gert á eigin áhættu og ábyrgð.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þetta kemur jafnframt fram í skilmálum viðeigandi vátryggingar en hún tekur til líkams- og munatjóns þriðja manns sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt lögum. Það hvílir því í þessu tilviki á M að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til sakar stjórnanda X. Gögn málsins, hvað varðar atvikið og tjón M, eru afar takmörkuð, og ekki verður séð að nein vitni hafi orðið að umþrættu atviki. Gegn neitun stjórnanda X, og án frekari gagna er sýni fram á atvik málsins, hefur því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að tjón á bifreið M verði rakið til saknæmrar háttsemi stjórnanda X. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar X hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir